

STEFÁN RÓSSAR ESJARSSON

Heldur upp á klukku sem er hætt að tifa

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



AGNES GUNNARSDÓTTIR

Eggjandi gámafélagsstúlkur slá í gegn

Vinnustaðahúmor vekur athygli

FÓLK 26



TIL & LBOÞ

20% lægra verð í næstu verslun

FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

11. janúar 2010 – 8. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Víðurkenning fyrir íslenskt tónlistarlíf

Fulltrúi Íslands valinn í stjórn Samtaka evrópskra tónskáldafélaga.

TÍMAMÓT 14

Húðflúrin breytast

Fjölur Bragason segir að húðflúr sé besta fjárfestingin, enda getur enginn tekið það af fólki.



FÓLK 26

Að mótmæla eða mæla með

„Sú staða sem upp er komin í Icesave-málinu getur orðið þjóðinni afar erfið“, skrifar Árni Páll Arnason félagsmálaráðherra.

UMRÆÐAN 12




Tveir sigrar í Þýskalandi

Ísland vann tvo æfingaleiki gegn Þjóðverjum ytra um helgina.

ÍÞRÓTTIR 20

VEÐRIÐ Í DAG



Hægvíðri í dag verður fremur hæg suðaustlægt á landinu, víða 3-8 m/s en hvassara allra syðst. Sunnan- og vestanlands verður heldur þungbúið og væta með köflum. Annars nokkuð bjart.

VEÐUR 4

Flýja skattbreytingar með stofnun samlagsfélaga

Stofnun samlags- og sameignafélaga hefur fjölgað verulega eftir síðustu skattkerfisbreytingar. Lögfræðingur segir einkahlutafélagavæðinguna að hluta hafa byggst á misskilningi. Samlagsformið sé hentugra.

VIÐSKIPTI „Biðröðin hjá okkur var löng milli jóla og nýárs,“ segir Bergþóra Sigmundsdóttir, deildarstjóri hjá Sýslumanninum í Reykjavík. 41 nýtt samlags- og sameignarfélag var skráð þar þá tvo virku daga sem opið var á síðustu dögum nýliðins árs. Til samanburðar voru 63 ný félög skráð allt árið í Reykjavík í hittifyrri. Verið er að vinna í því að taka saman heildartölur um skráningu ársins í höfuðborginni. Sýslumaðurinn í Reykjavík heldur utan um skráningu samlags-, sameigna- og einstaklingsfélaga. Meirihluti nýskráninganna í lok síðasta árs voru samlagsfélög og er sprengingin tilkomin vegna breyttra laga um einkahlutafélög sem samþykkt voru frá Alþingi skömmu fyrir

jól og túlkuð samlagsfélagaforminu í hag. Á meðal skattabreytinganna er það að fari greiðsla arðs yfir tuttugu prósent af eigin fé einkahlutafélags ber helmingur fjáris tekju-skatt líkt og laun. Hins vegar fer skattlagning samlagsfélags fram innan þess og ekki er greiddur út arður líkt og í einkahlutafélagi. Aukning varð einnig hjá öðrum sýslumannsembættum. Í Hafnarfirði voru tíu ný félög skráð milli jóla og nýárs, eða fjórðungur af firmaskráningum ársins. Nýskráningar félagna hafa að einhverju leyti skilað sér til Fyrirtækjaskrár, sem hefur gefið út 29 kennitölur á samlagsfélög í síðustu viku. Í fyrra voru þar 537 samlagsfélög á skrá. 97 þeirra fengu

kennitölu í fyrra, meirihlutinn féll til í lok árs. Andri Gunnarsson, lögfræðingur hjá Deloitte, hefur ekki skýringu á reidum höndum á sprengingu nýrra félaga fyrir áramótin enda geti það undir ákveðnum kringumstæðum talist skattasniðganga að leita eftir skattalegu hagræði með færslu tekna úr einkahlutafélögum yfir í samlagsfélög rétt fyrir áramót. Hann telur samlagsformið lengi hafa verið hagfelldara fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Einkahlutafélagsvæðingin að einhverju leyti verið tiskubóla. „Ég held einfaldlega að skattabreytingin hafi ýtt við fólki. Það hefði átt að gera þetta fyrr og fara í hentugra félagaform,“ segir hann.

- jeb



Fjöldaganga í Nauthólsvík: HR flyst í nýja húsið í dag

MENNTUN Háskólinn í Reykjavík (HR) flytur í nýja byggingu í Nauthólsvík í dag. Til að fagna tilefninu ætla nemendur og kennarar skólans að ganga fylktu liði frá aðalbyggingu skólans í Ofanleiti að nýju byggingunni. Um 900 manns hafa þegar skráð sig í gönguna. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri, Svava Grönfeldt, rektor HR, Ari Kristinn Jónsson, verðandi rektor HR, og Sunna Magnúsdóttir, formaður Stúdentafélags HR, flytja stutt ávörp í nýju byggingunni og gestum verða sýnd húsakynnin áður en kennsla hefst samkvæmt stundatöflu klukkan 11. Þrjár af fimm deildum HR flytja í nýbygginguna í dag. Hinar fylgja svo í kjölfarið í sumar og verður þá starfsemin öll undir einu þaki.

Framkvæmdir við nýju bygginguna hófust í byrjun árs 2008.

- kg

Góð niðurstaða fyrir forseta Íslands í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins:

Tveir af þremur sáttir við Ólaf

KÖNNUN Tæplega tveir af hverjum þremur sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins telja að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hafi staðið sig vel í embætti. Stjórn málafræðingur telur útkomuna góða fyrir forsetann með tilliti til þess á hvaða tímapunkti skoðanakönnunin er gerð. Eins og flestir vita synjaði forset-

inn að staðfesta lög um ríkisábyrgð vegna Icesave fyrir tæpri viku. Alls sögðust 64,5 prósent að forsetinn hefði staðið sig vel í starfi, en 35,5 prósent sögðu hann hafa staðið sig illa. Í könnun Fréttablaðsins hinn 27. febrúar í fyrra var einnig spurt um afstöðu fólks til forsetans. Spurningarnar eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar, en

þar sögðust rúmlega 44 prósent aðspurðra ánægð með störf forsetans, tuttugu prósent hvorki ánægð né óánægð, og um 36 prósent sögðust óánægð með störf Ólafs Ragnars. Talsverður munur er á afstöðu kynja til starfa forsetans. Þá er stuðningur við störf forsetans meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. - shá, bj / sjá síðu 4

71,4%

29,3%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.

Kafbátur mánaðarins • janúar

6 tommu bátur 379 Krónur

skinkubátur SUBWAY

7 kafbátar með 6 grómm af fitu

HjartaHeill

muundu eftir mjólkinni!

muu



Jóhannes Kári, sérðu nokkuð eftir því að hafa sent lagið inn?

„Nei, það gefur auga leið að þetta var rétta lagið og Sjonni Brink rétti maðurinn. Við látum bara Þúsund stjórnur massa þetta.“

Lag augnlæknisins Jóhannesar Kára Kristinssonar, You Knocked Upon My Door, komst ekki í næstu umferð í forkeppni Eurovision á laugardag. Ekki er þó öll nótt úti enn því Jóhannes á annað lag, Þúsund stjórnur, sem keppir á næstunni.

Offeldishrina á Ítalíu:

Páfinn hvetur til virðingar við innflytjendur

ÍTALÍA Benedikt Páll páfi hvatti Ítalíu í gær til þess að virða innflytjendur í landinu. Páfinn tjáði sig eftir ofbeldishrinu gegn afrískum verkamönnum í suðurhluta landsins, en um 70 manns hafa sérst í henni undanfarna daga.

Lögregla hefur flutt hundruð manna á brott af svæðinu til að forðast frekara ofbeldi.

Ofbeldið er sagt vera nátengt mafíustarfsemi á svæðinu. Flestir hinna afrísku verkamanna vinna ólöglega og mafían stjórnar vinnumarkaðinum að mestu. Þeir eru illa launaðir og búa við mjög slæmar aðstæður.

- þeb

Kosningar í Króatíu:

Josipovic talinn næsti forseti

KRÓATÍA Útgönguspár gerðu ráð fyrir að jafnaðarmaðurinn Ivo Josipovic myndi vinna öruggan sigur í forsetakosningum í Króatíu sem fram fóru í gær.



IVO JOSIPOVIC

Í fyrri hluta kosninganna, sem fram fóru í desember síðastliðnum, hlaut Josipovic fleiri atkvæði en mótherji sinn, Milan Bandic, en náði ekki hreinum meirihluta.

Búið er við að Josipovic beiti sér fyrir inngöngu Króata í Evrópusambandið.

Josipovic, sem er 52 ára laga- prófessor og tónskáld, hét því fyrir kosningar að hann myndi segja spillingu í landinu stríð á hendur, yrði hann kosinn.

- kg

Þingmaður Vinstri grænna segir málflutning Evrópuþingmanns að litlu hafandi:

Segir Lipietz misskilja málið

STJÓRN MÁL Svo virðist sem ekki standi steinn yfir steini í málflutningi franska Evrópuþingmannsins Alains Lipietz, sem tjáði sig um Icesave-málið í Silfri Egils í gær. Þetta segir Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sem segir þann franska fara með rangt mál varðandi þrjú grundvallaratriði.

Fyrir það fyrsta hafi Lipietz ekki samið tilskipunina um evrópska innstæðutryggingakerfið, eins og haldið hefur verið fram í fjölda fjölmiðla, enda hafi hann ekki tekið sæti á Evrópuþinginu fyrr en fimm árum eftir að sú tilskipun tók gildi.



BJÖRN VALUR GÍSLASON



ALAINS LIPIETZ

Þvert á móti virðist sem Lipietz sé að vísa til annarrar tilskipunar um heildarþjónustu fjármálafyrirtækja sem tók gildi árið 2002 og var innleidd héraðs 2004. Sú tilskipun kveði á um hömlur á starfsemi

fjármálafyrirtækja frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) í löndum innan EES.

Sú tilskipun tengist Icesave-málinu ekki neitt og auk þess virðist sem Lipietz átti sig ekki á því að Ísland sé í EES, segir Björn Valur.

Þá hafi Lipietz itrekað vísað til þess að Icesave hafi verið dótturfyrirtæki Landsbankans, sem sé alls ekki rétt. Það hafi verið útibú, sem sé einmitt ástæða þess að íslenski innstæðutryggingasjóðurinn beri á því ábyrgð.

„Í þessum þremur grundvallaratriðum virðist hann fara með rangt mál,“ segir Björn Valur. „Því miður fyrir hann.“

- sh

Varðhaldsbeiðni hafnað: Flekamönnum sleppt úr haldi

LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur hafnaði um helgina beiðni lögreglu um gæsluvarðhald yfir tveimur mönnum sem reyndu að flýja land með því að lauma sér um borð í skipið Reykjafoss með aðstoð heimagerðs fleka.

Mennirnir eru frá Albaníu og Líbíu. Flekinn sem þeir notuðu var úr timbri sem tjóðrað var saman úr rafmagnsúr og stoffum. Bættar gúmmíslöngur héldu honum á floti.

Mennirnir hafa nú verið látnir lausir úr haldi og þeim komið aftur í umsýslu félagsmálayfirvalda í Reykjanesbæ, eins og gert er með aðra hælisleitendur.

- sh

Hafa ekkert rætt um aðkomu sáttasemjara

Hugmyndin um að fá óháðan erlendan sáttasemjara að Icesave-deilunni hefur ekki verið viðruð við breska og hollenska ráðamenn. Margt í umræðunni ansi laustengt við veruleikann, segir fjármálaráðherra. Hann vill þó ekkert útiloka.

STJÓRN MÁL Íslensk stjórnvöld hafa ekki áamálgað þá hugmynd við Breta og Hollendinga að fá erlendan sáttasemjara til að miðla málum í Icesave-deilunni. „Það er nú ekki hægt að segja að þessi samskipti hafi komist neitt á það stig,“ segir Steingrímur J. Sigfússon.

Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara, Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna, auk stjórnarandstæðinga, hafa á undanföllum dögum lýst þeirri skoðun að farsælast væri að skipa nýja samninganefnd um Icesave og reyna að fá óháðan sáttasemjara til að miðla málum. Hefur nafn Joschka Fischer, fyrrverandi utanríkisráðherra og varakansalara Þýskalands, til dæmis verið nefnt í því sambandi.

Formenn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Viðskiptaráðs skrifa síðan grein í Fréttablaðið í dag þar sem þeir lýsa sömu skoðun.

Steingrímur segir að hugmyndin hafi ekki borist í tal í samskiptum við breska og hollenska ráðamenn eftir að forseti synjaði Icesave-lögnum staðfestingar. „Þetta voru símafundir til að róa málin fyrst eftir ákvörðun forsetans og þjónuðu þeim tilgangi fyrst og fremst að tryggja að menn væru í talsambandi og línurnar væru opnar, en í rauninni voru málin ekkert komin lengra en það,“ segir hann.

Hann útilokar þó ekkert. „Það er of snemmt að gefa sér eitthvað í þessum efnum. En ef eitthvað slíkt á að geta gerst þarf að vanda það mjög og það er ólíklegt að það fái botn í það í blaðagreinum hvernig



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Svör um lán frá Norðurlöndum munu berast í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

flóknum pólitískum milliríkjasamskiptum vindur áfram.“

Hann segir hugmyndirnar hins vegar hljóma óraunsæjar í ljósi þess að ekki sé mikill sáttatónn í viðsemjendunum. „Ég verð nú að segja alveg eins og er að mér finnst margt í þessari umræðu núna vera ansi laustengt við veruleikann.“ Það sé ekki ófundsvært hlutverk að vera talsmaður raunsæis við þessar aðstæður en einhver verði að reyna það. „Einhver verður að reyna að hafa hausinn á réttum stað og benda mönnum á það augljósa í þessu máli.“

NORÐURLÖNDIN UNDIRBÚA SVAR

Steingrímur fundaði fyrir helgi með kollegum sínum á Norðurlöndum um það hvaða áhrif tafarinn í Icesave-málinu hafa á fyrirgæiðslu þaðan.

„Það var mjög gagnlegt að taka þá rispu. Sérstaklega var ég ánægður með viðtökurnar í Noregi,“ segir hann. Þar hafi hann rætt við þrjú ráðherra sem hafi verið afdráttarlausir í stuðningi sínum við að lánið fengist afgreitt sem fyrst.

„Ég átti sömuleiðis góðan fund með danska fjármálaráðherranum og fannst hann vera skilningsríkur og jákvæður en embættismennirnir sem voru með honum voru tregari í taumi.“

Leiðtogar Norðurlandanna hyggist tala sig saman um málið og veita svör í vikunni.



FRÁ SUNDAHÖFN Sjöttu skemmtiferðaskip komu í fyrra og fimmtán voru skoðuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hafnarrikisefirtirlit 2009:

Tvö skip voru kyrrsett í fyrra

ÖRYGGISMÁL Siglingastofnun Íslands kyrrsetti tvö skip og gerði athugasemdir við ástand níutíu til viðbótar við hafnarrikisefirtirlit árið 2009.

Til Íslands komu 357 skip, mörg þeirra oftast en einu sinni. Árið 2009 fækkaði komum einstakra skipa frá árinu á undan um 31 skip. Skoðuð voru 92 skip, eða 25,7 prósent þeirra erlendu skipa sem hingað komu en þau voru frá 23 þjóðlöndum. Skoðuð voru skip í fjórtán höfnum á landinu og þar af fimmtán skemmtiferðaskip af sjöttíu sem komu til Reykjavíkur.

- shá

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

Björk vill annað sætið

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi býður sig fram í annað sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík. Prófkjör flokksins fer fram 30. janúar. Björk hefur átt sæti í borgarstjórn síðastliðin átta ár.

Guðmundur í þriðja sæti

Guðmundur Örn Jónsson gefur kost á sér í þriðja sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Kópavogi. Hann er verk- og viðskiptafræðingur og hefur tekið virkan þátt í starfi Samfylkingarinnar í Kópavogi.

stigur@frettabladid.is

Fimm drengir á Stöðvarfirði létu snjóinn ekki stöðva sig í fótboltaíðkun:

Mokuðu snjó af fótboltavelli

FÓLK Nokkrir drengir á Stöðvarfirði láta snjóþyngsli ekki stöðva fótboltaíðkun sína. Þeir eyddu stærstum hluta helgarinnar í að moka burt snjóinn á gervi-grassparkvelli í bænum.

Hanna Björk Birgisdóttir er móðir eins drengjanna og segir son sinn, Viktor Breka, og vin hans, Guðmund Arnþór, hafa verið að nánast alla helgina. „Þeir fóru tveir út á laugardagsmorgun og sonur minn kom einu sinni inn til að fá sér að borða en var annars að fram á kvöld,“ segir hún. Drengirnir gerðu sér grein fyrir því að þeir þyrftu liðsauka og bættust þrír vinir þeirra í hópinn í gær. Þeir æfa allir fótbolta með Fjarðabyggð og fara í rútu tvisvar í viku til að fara á æfingar. „Þeir eru fótboltasjúkir og eru alltaf á vellinum,“ segir Hanna.

- þeb



MOKSTURINN Í FULLUM GANGI Þeir Viktor, Guðmundur, Sólmundur, Haraldur og Eyþór mokuðu af fótboltavellinum í gær. Þeir voru farnir að geta spilað síðdegis og létu hálkuna ekki stöðva sig frekar en snjóinn.

MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR



Veldu létt
... og mundu eftir
ostinum!



Ódýrasti 3G síminn hjá Nova

– enn ein ástæðan til að skipta yfir :)

12.000 kr./stgr.

Huawei U1250

Eða 0 kr. útborgun og 1.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.

**1.000kr. notkun
á mán. í 12 mán.
fylgir þessum
farsíma.**
Gildir í áskrift og frelsi.



**0 kr.
Nova
í Nova**

1.000 mín. símtöl/
myndsímtöl og 500
SMS/MMS á mánuði.*

**Netið
í símann**

0 kr. í áskrift
og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift
og 5 MB/dag í frelsi.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,91	126,51
Sterlingspund	201,65	202,63
Evra	180,03	181,03
Dönsk króna	24,190	24,332
Norsk króna	22,019	22,149
Sænsk króna	17,620	17,724
Japanskt jen	1,3500	1,3578

SDR	196,35	197,53
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	234,3709	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Hjartavernd tekur þátt í rannsóknum sem geta bætt líf milljóna manna:

Fær 125 milljónir í styrk

HEILBRIGÐISMÁL Rannsóknarstöð Hjartaverndar hefur nýverið fengið rannsóknstyrki frá Bandarísku heilbrigðisstofnuninni (NIH) til rannsókna á sambandi æðakerfis og heila- og nýrnastarfsemi sem og til rannsókna á notkun beinamynda sem munu spá fyrir um líkur á beinbrotum. Styrkirnir nema 125 milljónum króna.



VILMUNDUR GUÐNASON Er forstöðu-læknir Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar og er einn þeirra sem leiðir rannsóknastarfið.

sneiðmyndum er samvinnuverkefni vísindamanna Hjartaverndar og Berkley-háskóla í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Rannsóknin

á æðakerfinu er gerð í samvinnu við vísindamenn í Cambridge í Bandaríkjunum.

Veruleg fjölgun aldraðra á komandi áratugum veldur því að beingisnun og beinbrot meðal aldraðra er ein af mest ógnandi heilbrigðisvandamálum heimsins. Aukinn skilningur á þeim þáttum sem ákvarða áhættu hvers einstaklings á því að brotna á mjóðm eða hrygg og þróun aðferða til að fyrirbyggja slík áföll er því afar mikilvæg. Þessi rannsókn er líkleg til þess að geta varpað enn frekar ljósi á áhættuþætti beinbrota og veita hjálp við forvarnir hvers konar.

Rannsóknarnefnd Alþingis: Björgólfur bar vitni á föstudag

STJÓRNÝSLA Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi bankaráðsformaður og aðaleigandi Landsbankans, gaf skýrslu hjá rannsóknarnefnd Alþingis á föstudag, tveimur dögum eftir að Stöð 2 flutti frétt af því að hann og sonur hans, Björgólfur Thor, hefðu ekki verið kallaðir fyrir nefndina. Þetta kom fram á Vísi í gær.

Þá segir í fréttinni að Björgólfur hafi áður sent nefndinni gögn og upplýsingar að eigin frumkvæði. Þá hafa fyrrverandi stjórnarformenn allra stóru bankanna verið yfirheyrðir af nefndinni.

Spánverjar um Icesave: Engin áhrif á umsókn í ESB

UTANRÍKISMÁL Icesave-málið og umsókn Íslands að Evrópusambandinu eru tvö aðskilin mál.



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON

Þetta kom fram í samtali Óssurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við Miguel Ángel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar. Spánn er í forsæti ráðherraráðs Evrópusambandsins. Ráðherrarnir ræddu stöðuna á Íslandi á laugardag.

Moratinos sagði að hin nýja staða sem upp væri komin á Íslandi myndi ekki hafa áhrif á meðferð ESB á umsókn Íslands. Áður hefur David Miliband, utanríkisráðherra Breta, lýst því yfir að Bretar muni áfram styðja umsókn Íslands.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

Oddný vill 2. sæti

Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna borgarstjórnarkosninganna í maí. „Jöfn tækifæri allra barna, óháð uppruna og efnahag, eiga að vera aðall Reykjavíkur og velferð allra borgarbúa á að leiða forgangsröðun við meðferð fjármuna“, segir í yfirlýsingu Oddnýjar.

Framboð í Mosfellsbæ

Ellefu manns gefa kost á sér í prófkjöri Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ. Það eru Anna Sigríður Guðnadóttir, Baldur Ingi Ólafsson, Gerður Pálsdóttir, Gunnlaugur B. Ólafsson, Hanna Bjartmars Arnardóttir, Jónas Rafnar Ingason, Jónas Sigurðsson, Lisa Sigríður Greipsson, Sigrún Pálsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson og Þóra Bjarney Guðmundsdóttir.

Almenn ánægja með störf forseta Íslands

Tveir af hverjum þremur sem afstöðu tóku í könnun Fréttablaðsins segja Ólaf Ragnar Grímsson hafa staðið sig vel í embætti forseta. Góð niðurstaða fyrir forsetann eftir það sem á undan hefur gengið, segir prófessor í stjórnmálafræði.

KÖNNUN Tæplega tveir af hverjum þremur sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins telja að Ólafur Ragnar Grímsson hafi staðið sig vel í embætti forseta Íslands.

Alls sögðust 64,5 prósent að forsetinn hefði staðið sig vel í starfi, en 35,5 prósent sögðu hann hafa staðið sig illa.


Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir forsetann geta ágætlega við unað að tveir af hverjum þremur segist ánægðir með störf hans almennt.

Niðurstaðan er í raun mjög góð fyrir Ólaf Ragnar sé tímasetningin höfð í huga, segir Gunnar Helgi. Forsetinn hafi tekið mjög umdeilda ákvörðun síðastliðinn þriðjudag, og ekki hefði verið við því að búast að 90 prósent væru ánægð með störf hans.

Í könnun Fréttablaðsins hinn 27. febrúar í fyrra var einnig spurt um afstöðu fólks til forsetans. Spurningarnar eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar, en þar sögðust rúmlega 44 prósent aðspurðra ánægð með störf forsetans, 20 prósent hvorki ánægð né óánægð, og um 36 prósent sögðust óánægð með störf Ólafs Ragnars.

Talsverður munur er á afstöðu kynja til starfa forsetans. Tæplega 70 prósent kvenna sögðust ánægð með störf hans, en rúmlega 59 prósent karla. Þá er stuðningur við störf forsetans meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Alls sögðu tæplega 49 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins að forsetinn hefði staðið



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

sig vel í starfi. Tæplega 73 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins voru á sömu skoðun. Um 59 prósent stuðningsmanna

Samfylkingarinnar eru ánægð með störf Ólafs Ragnars, og tæplega 67 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna. Ekki var tölfræðilega marktækt að reikna afstöðu stuðningsmanna Borgarahreyfingarinnar eða Hreyfingarinnar.

Hringt var í 1.100 manns fimmtudaginn 7. janúar. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Telur þú að Ólafur Ragnar Grímsson hafi staðið sig vel í embætti forseta Íslands? Alls tóku 81,7 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

Landhelgisgæslan æfir: Þyrlan tekur bensín um borð

ÖRYGGISMÁL Undanfarið hafa varðskip Landhelgisgæslunnar og þyrlan TF-LIF æft notkun þyrlueldsneytisbúnaðar sem er um borð í skipunum. Með notkun hans er mögulegt að gefa þyrlum á flugi eldsneyti. Slíkt er afar mikilvægt þegar langt er fyrir þyrlu að sækja eldsneyti við björgunaraðgerðir. Um borð í varðskipinu geta verið 2.500 lítrar eldsneytis.

Áhafnir skipa og þyrlu flétta æfingar með hinn nýja búnað við hefðbundnar æfingar, björgun manna af skipi, úr björgunarbát og úr sjó.

Hallgerður H. Þorsteinsdóttir: Vann alþjóðlegt unglíngamót

FÓLK Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir vann öruggan sigur á alþjóðlegu unglíngamóti Taffélagsins Hellis sem fram fór um helgina.

Hallgerður fékk fimm vinninga í sex skákum. Í öðru til þriðja sæti lentu Helgi Brynjarsson og Sviinn Axel Akerman. Alls 23 skákmenn tóku þátt í mótinu.

Tekur þú lyf?

Parft þú að nota lyf að staðaldri?

Stjórnvöld hafa gert verulegar breytingar á greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði í algengum lyfjakostum. Kynntu þér rétt þinn á www.lfi.is, vef Lyfjafræðingafélags Íslands og/eða fáðu ráðgjöf hjá læknum þínum eða í næsta apóteki.

Kynntu þér þinn rétt á lfi.is

Frumtök • Hjartaheill • Beinvernd • Lyfjafræðingafélag Íslands


VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

MILDIR DAGAR í dag verður áfram heldur skýjað sunnan- og vestanlands og búast má við skúrum eða rigningu með köflum. Næstu daga færirst úrkomusvæðið austur á bóginn og þá léttir heldur til vestanlands og á Vestfjörðum.


Á MORGUN 5-13 m/s Hvassast S- og SA-til.
MÍÐVIKUDAGUR 3-8 m/s norðantil, annars heldur hvassara.



HEIMURINN

Alicante	14°
Basel	4°
Berlín	-3°
Billund	0°
Eindhoven	2°
Frankfurt	-3°
Friedrichshafen	-2°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	20°
London	2°
Mallorca	15°
New York	1°
Orlando	13°
Ósló	-4°
París	-1°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



TOYOTA

Ertu til í langtímasamband? Fimm ára ábyrgð



Fimm ára ábyrgð

Toyota á Íslandi býður fimm ára ábyrgð með öllum nýjum bílum.

Pú getur treyst Toyota. Hátt þjónustustig, gott orðspor og fjölmargir ánægðir Toyota-eigendur eru til marks um það. Fimm ára ábyrgð Toyota er grunnur að farsælu langtímasambandi.

Kynntu þér málið hjá sölu- og þjónustuaðilum Toyota eða á www.toyota.is

www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**

KJÖRKASSINN



Hefur þú einhver tíma tekið í nefið?

JÁ 52,1%
NEI 47,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú þig þekkja Icesave-málið nægilega vel?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Fiskteljari gefur áhugaverðar niðurstöður um fiskgengd í Varmá við Hveragerði:

Mikið líf þrátt fyrir klórleka

UMHVERFISMÁL Nýr fiskteljari í Varmá við Hveragerði hefur gefið áhugaverðar niðurstöður um lífríki árinna. Teljarinn var settur niður vegna klórleka í ána fyrir tveimur árum og er samstarfsverkefni Veidimálastofnunar, Veidifélags Varmár og Þorleifslækjar og Stangaveidifélags Reykjavíkur.

Samkvæmt bráðabirgðatölum gengu á tímabilinu júní-nóvember á síðasta ári tæplega 2.200 fiskar upp ána og um 250 niður. Þessir fiskar voru tuttugu til níutíu sentimetrar langir. Stærsti hlutinn var undir fjörutíu sentimetrar en þó voru tæplega þúsund fiskar



FISKDAUÐI Klórlekin er mönnum mikið áhyggjuefni en fiskur gengur þó af krafti í ána.

MYND/VEIDIMÁLASTOFNUN

yfir þeirri stærð. Að öllum líkindum voru þetta mest urriðar.

Mikið magn af óblönduðum klór rann frá sundlauginni í Hveragerði í Varmá fyrir tveim-

ur árum. Klórslysið olli talsverðum fiskdauða í ánni og fundust dauðir fiskar á stórum kafla neðan klórlekans. Rannsóknir Veidimálastofnunar á seiðabúskap árinna skömmu eftir slysið bentu til þess að nánast öll seiði hefðu drepist á um tveggja kílómetra kafla neðan sundlaugarinnar. Óttast var að klórslysið gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskstofna Varmár og í versta falli tæki það stofnana mörg ár að ná fyrri styrk. Seiðarannsóknir á árinu 2008 staðfestu enn frekar þann skaða sem varð á seiðabúskap árinna en þá mátti þó sjá töluverð batamerki.

- shá

Breskur blaðamaður drepinn

BRETLAND Breskur blaðamaður lét lífið í sprengingu í suðurhluta Afganistans á laugardag. Bandarískur hermaður lét einnig lífið.

Sprengjan sprakk við bíl bandarískra hermanna í Helmand-héraði. Blaðamaðurinn Rupert Hamer hafði dvalist með hermönnum ásamt ljósmyndara frá áramótum. Hann vann fyrir breska blaðið Daily Mirror og átti að vera í Afganistan í mánuð.

Ljósmyndari blaðsins liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi eftir sprenginguna, ásamt fimm hermönnum.

- þeb

ný vara

fairtrade te frá Co-operative

Hentar bæði sem tepoki beint í bollann eða sem púði í senseo vélarnar. 240 tepokar í pakka á aðeins 599 kr/pk.



nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

599 kr/pk.
verð aðeins

www.markinnun.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Tölvunámskeið fyrir eldri borgara 60+



»Grunnnámskeið

30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.

Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.

• Hefst 27. jan. og lýkur 17. feb.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 25.000,-

»Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

• Hefst 28. jan. og lýkur 18. feb.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 25.000,- (kennslubók innifalinn)

»Stafrænar myndavélar 60+

Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.

• Námskeið hefst 8. feb og lýkur 17. feb (Mán & mið kl. 13-16)

Lengd námskeiðs 18 kennslustd. Verð kr. 15.000,- (Kennsluhefti innifalinn)

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík
Sími 511-3080 • tsk@tsk.is
www.tsk.is

Kuldi og snjóköma veldur dauðsföllum

Mikill kuldi og snjór í Evrópu hefur valdið dauðsföllum síðustu daga. Ástandið er talið vera einna verst í Póllandi. Veðrið hefur víða hamlað almennings- og flugsamgöngum. Sunnudagsnótt var sú kaldasta í Danmörku í 23 ár.

EVROPA Margir hafa farist úr kulda og vösbúð í Evrópu síðustu daga, að því er erlendar fréttaveitur greina frá. Ástandið mun vera einna verst í Póllandi þar sem talið er að allt að 140 manns hafi farist vegna kuldans. Þá greindu þýskir fjölmiðlar frá því í gær að um tíu útigangsmenn hafi orðið úti þar í landi, og óttast er að fleiri hafi látist.

Lítið lát virðist ætla að verða á vetrarhörkunum sem einnig hafa hamlað almenningsamgöngum og valdið miklum rafmagnsbilunum víða í Evrópu síðustu daga.

Mikil snjóköma var um allt Þýskaland í gær og fyrradag og hafa samgöngur víða legið niðri. Á sunnudagsnótt sátu hundruð föst í bílum sínum á A20-hraðbrautinni milli Gützkow og Jarmen í norðurhluta landsins, og náði snjórinn í mörgum tilfellum upp að bílrúðunum. Þá hafa fjölmargar flugferðir verið felldar niður til og frá landinu og lestir eru flestar óstarfhæfar eða langt á eftir áætlun.

Snjórinn mældist í gær 29 sentimetrar djúpur í Leipzig, 27 metra djúpur í höfuðborginni Berlín og 12 sentimetrar í Hamborg. Veðurspár gera ráð fyrir að snjókomunni gæti linnt í dag en áfram megi búast við miklu frosti í landinu.

Þýsk yfirvöld hafa hvatt fólk til að birgja sig upp af nauðsynjavörum ef ske kynni að veðrið myndi versna. Þá hefur útigangsfólki víða verið komið í skjól.

Ástandið var svipað í Póllandi yfir helgina og alls urðu heimili um 14.000 manns í þorpum nærri Czeszochowa í suðurhluta landsins rafmagnslaus í gær.

Sunnudagsnóttin var sú kaldasta í 23 ár í Danmörku, en frost-



VEGFARENDARUR Í BERLÍN Yfirvöld í Þýskalandi hafa hvatt fólk til þess að birgja sig upp af nauðsynjavörum ef svo færi að veðrið versnaði enn frekar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ALLT GENGUR HÆGAR EN VANALEGA

„Ég get lítið sagt um ástandið í öðrum hlutum landsins, en hérna í Berlín tek ég fyrst og fremst eftir því að allt virðist ganga eðlilega fyrir sig en mun hæggar en vanalega,“ segir Hafdis Erla Hafsteinsdóttir, sem nemur sagnfræði í lýðháskóla í Berlín.

Hafdis segist ekki hafa farið varhluta af íslenskum fréttatvöngum um veðrið í Evrópu á Íslandi. „Ég hef fengið nokkur örvæntingarfull símtöl og sms-skilaboð frá fólki sem ég þekki á Íslandi, þar sem það spyr hvort allt sé ekki örugglega í lagi.“



HAFDÍS ERLA HAFSTEINSDÓTTIR

Af samtölum mínum við Þjóðverja og fréttatvöngum hér ræð ég að þeir virðast vera vanir svona uppákomum. Það er enginn að fara á taugum, enda eru líklega fáir með veðrið jafn mikið á heilanum og Íslendingar. Umræðan er mjög yfirveguð,“ segir Hafdis Erla Hafsteinsdóttir.

íð fór niður í 15,9 gráður í Thy og Karup á Jótlandi. Kuldameitið er frá 11. janúar 1987, þegar það mældist 17,1 gráða. Umferð hefur víða farið úr skorðum í landinu og hefur ástandið verið sýnu verst í suðurhluta Sjálands.

Þá hafa borist fréttir af mjög slæmu veðri í Hollandi, Frakklandi, Englandi og fleiri löndum. Fjöldi knattspyrnuleikja var aflýst í ensku knattspyrnunni vegna veðurs, að ósk þarlendrar lögreglu.

kjartan@frettabladid.is

Ákvörðun um skóla á Kleppjárnsreykjum bíður nýs meirihluta í Borgarbyggð:

Skólastarf óbreytt enn um sinn

SKÓLAMÁL Skólastarf heldur áfram óbreytt í grunn-skóla Borgarfjarðar að Kleppjárnsreykjum enda hafi ekki verið tekin ákvörðun um annað, að sögn Páls S. Brynjarssonar, sveitarstjóra í Borgarbyggð.

„Staðan er í raun og veru sú að sveitarstjórn var ekki búin að samþykkja neina tillögu í skólamáli. Og það er ljóst að fyrir sveitarstjórnarfund [30. desember] ákváðu oddvitar flokkanna og sveitarstjórn að slíta samstarfinu sem var hér,“ segir Páll. Samstarfslitin komu í kjölfar ósamkomulags um hagræðingu í skólamáli. Í kjölfarið var haldinn fjölmennur íbúafundur í Logalandi þar sem mótmælt var hugmyndum um að leggja niður skólastarf á Kleppjárnsreykjum.

„Frá þeim fundi fá menn mjög skýra yfirlýsingu,“ segir Páll, en áréttar um leið að ákvörðun um hagræðingu í skólastarfi bíði nýs meirihluta sveitarfélagsins. „Hvort mönnum tekst að endurvekja þjóðstjórn, eða hvort það verður með öðrum hætti skýrist væntanlega á allra næstu dögum.“

Þjóðstjórnin var samstarf allra flokka og hafði stað-



BORGARNES Meirihlutinn í Borgarbyggð sprakk vegna ósættis um hvort leggja ætti niður einstaka skóla eða spara með öðrum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

íð í nokkra mánuði. Áður höfðu Sjálfstæðisflokkur og Borgarlisti um árabíl myndað meirihluta.

Páll segir að ljóst hafi verið að hagræða þyrfti í skólastarfi og að í þeim efnum séu allar leiðir umdeildar.

- óka

Gerum betur 2010

– sofum betur –



Chiro Collection heilsurúm

30% janúar-afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

Tempur Spring heilsurúm

25% janúar-afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

Stillanleg heilsurúm

20% janúar-afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum. Settu þig í stellingar !



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Ópið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



- 1 Hvaða íslensku landslið munu ekki geta tekið þátt í Evrópukeppni næstu tvö árin?
- 2 Hvar nálgast hafís landið og gæti lokað siglingaleiðum á næstunni?
- 3 Hvert ætlar fyrrum feðurardrottningin Unnur Birna Vilhjálmstöðttir að flytja á næstunni?

SVÖRIN ERU Á Síðu 26

Sæferðir breyta reglum sem veittu Vestfirðingum sérkjör í Breiðafjarðarferjuna:

Ekki aðeins útvaldir fá afslátt

SAMGÖNGUR „Lögfræðingur okkar segir að þetta hafi verið á gráu svæði svo við ætlum að breyta afsláttarfyrirkomulaginu,“ segir Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða, sem rekur Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Fram til þessa hafa Vestfirðingar notið sérkjara í fargjöldum og fengið allt að 50 prósent afslátt. Pétur segir að athugasemdir hafi verið gerðar við það af fólki sem taldi sér mismunað með þessu. Niðurstaðan hafi verið sú að breyta fyrirkomulaginu.

„Þetta verður framvegis með svipuðu sniði og í Hvalfjarðargöngunum. Hægt verður að kaupa



PÉTUR ÁGÚSTSSON Vestfirðingar fengu sérstakan afslátt í Breiðafjarðarferjuna Baldur en nú telja Sæferðir sér ekki lengur stætt á að mismuna fólki á þann máta.

kort fyrirfram og fæst mismikill afsláttur eftir því hversu margar ferðir eru keyptar. Þannig fá þeir

mestan afslátt sem eru í mestum viðskiptum og allir sitja við sama borð,“ útskýrir Pétur sem kveður afsláttinn framvegis geta orðið á bilinu 25 til 45 prósent.

Vegna sparnaðar hjá Vegagerðinni, sem styrkir vetraráætlun Baldurs, siglir ferjan nú aðeins sex daga vikunnar en ekki á hverjum degi. Pétur segir að eftir könnun meðal notenda ferjunnar hafi verið ákveðið að fella laugardagana út. „Þetta er alls ekki heppilegt, til dæmis gagnvart jarðarförum sem oft eru á laugardögum. En atvinnulífsins vegna var ekki hægt að fella út virkan dag svo þetta varð lendingin.“

-gar

Ólafur Örn Haraldsson:

Ráðinn í starf þjóðgarðsvarðar

ALPINGI Ólafur Örn Haraldsson, fyrrverandi þingmaður og landfræðingur, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Þingvallanefndar og þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Þingvallanefnd samþykkti þetta á fundi sínum á föstudag. 78 manns sóttu um starfið.

Ólafur er forseti Ferðafélags Íslands og lauk nú um áramótin störfum sem verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvar vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Hann var alþingismaður árin 1994 til 2003 og var formaður umhverfisnefndar þingsins í sex ár.

-þeg

Beðið eftir loðnunni:

Gulldepluveiðin fer rólega af stað

SIÁVARÚTVEGUR Sjö uppsjávurveiðiskip hafa stundað veiðir á gulldeplu nú eftir áramótin. Veiðin hefur verið treg að sögn Vilhjálm Vilhjálmssonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs HB Granda. Hann segir menn nú bíða eftir niðurstöðum loðnuleitar á vegum Hafrannsóknastofnunar.

Vilhjálmur segir að gulldepla hafi fundist í veiðanlegu magni á mánudag. Þá gátu skipin verið að veiðum á meðan birtu naut en aflinn var lítil, eða um 70 til 100 tonn. Aflbrögðin voru heldur skárri þegar leið á vikuna, eða um 100 til 150 tonn eftir daginn. Veiðisvæðið er á svipuðum slóðum og fyrir áramót eða í nágrenni Grindavíkurdýpis. -shá

Nýr samningur um Vaktstöð:

Niðurskurði er mætt að fullu

ÖRYGGISMÁL Nýr þjónustusamningur milli Siglingastofnunar Íslands og Neyðarlínunnar um rekstur Vaktstöðvar siglinga var undirritaður í gær. Eldri samningur hefur verið í gildi frá árinu 2004. Hlutverk aðila skiptast þannig að Siglingastofnun hefur með höndum fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum, sinnir samskiptum við stjórnvöld og samstarfi við alþjóðastofnanir um siglingamál. Neyðarlínan sér um fjármál og rekstur vaktstöðvarinnar og gerir samninga við verktaka þar um.

Með nýjum samningi er niðurskurði á framlögum ríkisins mætt og sparnaðarmarkmiðum náð. Fyrir að annast rekstur vaktstöðvarinnar mun Siglingastofnun greiða Neyðarlínunni 242 milljónir á ári. -shá

Íslensk hornsíli bæta skilning á þróun lífs

Nýbirt grein í hinu virta vísindatímariti Science lýsir því hvernig lítil breyting getur valdið ummyndun heilla lífvera. Sérfræðingar Veiðimálastofnunar á Sauðárkróki koma að rannsókninni. Hornsíli leika aðalhlutverkið.

UMHVERFISMÁL Hornsíli í Vífilstaðavatni gegna þýðingarmiklu hlutverki í nýrri rannsókn sem bendir til þess að þróun lífs á jörðinni verði frekar í stórum stökkum en í hægari skrefum. Um þetta hafa líffræðingar deilt síðan á tímum Darwins, segir Bjarni Jónsson, sviðstjóri þróunar- og nýsköpunarsviðs Veiðimálastofnunar (VMST), sem vann að rannsókninni.

Rannsóknin er unnin af vísindamönnum við læknadeild Stanford-háskóla í Bandaríkjunum með aðkomu sérfræðinga VMST á Sauðárkróki. Niðurstöður þeirra lýsa því hvernig brottvarf á stuttum kafla DNA-raðar veldur því að hornsíli missa kviðgadda sína, sem er töluvert mikil breyting á beinabyggingu þeirra. Breytingin veitir sílunum vistfræðilega yfirburði við ákveðin skilyrði í umhverfinu.

Kviðgaddalaus hornsíli finnst í nokkrum vötnum í heiminum, þar á meðal í Vífilstaðavatni. Þessi vitneskja um íslensku sílin er tilkomin fyrir tilviljun en Bjarni fann kviðgaddalaus hornsíli þegar hann var við útikennslu barna við vatnið árið 2002. Bjarni vann á þeim tíma við rannsókn á vegum Stanford-háskóla sem snerist um kortlagningu mikilvægra gena og virkni þeirra í hryggdýrum. Þegar gaddalaus sílin fundust í Vífilstaðavatni var nýhafin rannsókn á erfðum gaddaleysis og reyndust íslensku hornsílin eiga eftir að gegna mikilvægu hlutverki í laus þeirrar gátu, og lýst er í greininni í Science.

Hornsíli eru draumur þróunarlíffræðinga vegna þess að teg-



Á SÍLAVEIÐUM Þessir strákar láta það ekki trufla sig við sílaveiðarnar að bráð þeirra er stórmerkileg frá líffræðilegum sjónarhóli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HORNÍLI Hér sjást seiði með og án kviðgadda.

MYND/VEIÐIMÁLASTOFNUN

undin hefur þróað mörg mismunandi afbrigði frá lokum síðustu ísaldar. Ástæðan er að sjávarhornsíli námu land í ferskvatnskerfum sem mynduðust við bráðun jökla. Í raun hefur það farið í gegnum umfangsmikla þróunarfræðilega tilraun í náttúrunni og

margir sömu eiginleikarnir þróað aftur og aftur á mismunandi stöðum í heiminum, segir í umfjöllun VMST.

„Við sjáum sömu hluti í þróunarfræðilegum breytileika í heilum dýrum. Ef þú veist hvert genið er og hvaða stökkbreyting hefur orðið í einni lífveru geturðu spáð fyrir um hvað hefur gerst í annarri. Við þekkjum ekki öll lögmálin enn þá en við erum að byrja að fá einhverja mynd á hvernig heilu lífverurnar geta umbreytt og hvernig frumur og lífverur geta nýtt sér ákveðnar ummyndanir til að breytast og aðlagast nýjum umhverfisaðstæðum,“ segir Bjarni á vef VMST. svavar@frettabladid.is



ELLIÐAVATN Veita á ofanvatni frá Hólmsheiði í vatnið.

Athafnasvæði á Hólmsheiði:

Ofanvatn sagt ógna vatnasviði

UMHVERFISMÁL Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis segir fyrirhugað skipulag 132 hektara athafnasvæðis á Hólmsheiði setja grundvöll framkvæmdar vatnsverndar í uppnám. Gert er ráð fyrir losun ofanvatns í Hólmsá sem fellur um grannsvæði vatnsverndar og í Elliðavatn, „þeirrar náttúruferlu“ eins og segir í bókun nefndarinnar.

„Heilbrigðisnefnd telur að farga eigi ofanvatni frá áformuðu gatnakerfi og athafnalóðum á Hólmsheiði á annan hátt en að veita því inn á viðkvæmt vatnasvið Elliðavatns,“ segir nefndin sem vill aðrar lausnir. -gar


Tveir piltar ákærðir:

Réðust á nemanda á Selfossi

DÓMSMÁL Tveir piltar hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að ráðast á pilt í Vallaskóla á Selfossi.

Pilturinn var að koma út um vesturingang skólans þegar piltarnir réðust á hann. Annar kýldi hann í andlitið og hinn kýldi hann í öxlina og tvisvar í andlitið. Fórnarlambið var með eymsli og áverka eftir árásina.

Í málinu er gerð krafa um að piltarnir verði dæmdir til að greiða þeim sem þeir réðust á 500 þúsund krónur og lögmanskostnað. -jss



RÍKISVÍXLASJÓÐUR



Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

90% ríkisvixlar og ríkisskuldabréf **10%** innlán

- » Vixlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánnum.
- » Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- » Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- » Lágmarkskaup 5.000 kr.
- » Enginn munur á kaup- og sölugengi.

STEFNIR.COM

Verðbréfabjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis. Kynntu þér Ríkisvixlasjóð hjá starfsfólki verðbréfabjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir





TIL HAMINGJU!

Við óskum nemendum og starfsfólki Háskólans í Reykjavík til hamingju með nýja háskólabýggingu í Nauthólsvík – umgjörð um öflugt kennslu- og rannsóknarstarf. Mikilvægum áfanga er náð í starfsemi skólans sem gegnir þýðingarmiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi og samfélagi.



VÍSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



SI



FLOTTUR Þessi ungi piltur tekur sig vel út í gervi Elvis Presley. Um 10 þúsund manns komu saman í Parkes í Ástralíu um helgina til þess að minnst þess að kóngurinn hefði orðið 75 ára.

NORDICPHOTO/AFP

Stjórn Landsvirkjunar ferðast minna en stjórn Orkuveitunnar:

Ekki greitt fyrir utanlandsferð stjórnarmanns síðan 2004

ORKUFYRIRTÆKI. Stjórnarmenn Landsvirkjunar hafa ekki farið til útlanda á kostnað fyrirtækisins síðustu fimm ár, að sögn Þorsteins Hilmarssonar, upplýsinga-fulltrúa Landsvirkjunar.

Eins og fram hefur komið nam kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur við utanlandsferðir stjórnarmanna um sjö milljónum króna undanfarin tvö ár. Dýrust var ferð Sigrúnar Elsu Smáradóttur, stjórnarmanns OR, til Afríku og Asíu en hún kostaði um 1.700 þúsund krónur.

Þorsteinn Hilmarsson segir að síðasta ferð stjórnarmanns til útlanda á vegum fyrirtækisins hafi verið árið 2004. Þá var Kárahnjúkavirkjun í undirbúningi. Hins vegar fari stjórnin í eina til tvær ferðir innanlands á hverju ári til að kynna starfsemi Landsvirkjunar. Þessar ferðir kosti „vel innan við fimm hundruð þúsund á ári“. Þá hafa stjórnarmenn, sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, fengið greitt kílómetragjald eða flugfargjald til að kosta ferðir á stjórnarfundi.

- ÞG



KÁRAHNJÚKAR Síðasta utanlandsferð stjórnarmanna Landsvirkjunar var farin 2004 í tengslum við undirbúning Kárahnjúkavirkjunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslendingar víðförlir: Umferð eykst eftir samdrátt

SAMGÖNGUR Umferðin á sextán völdum talningarstöðum á hringvegnum var 2,2 prósentum meiri á árinu 2009 en árinu 2008. Umferðin var hins vegar minni en hún var metárið 2007 þótt ekki muni miklu.

Umferðin í nýliðnum desember var um 5 prósentum meiri en í sama mánuði árið 2008. Árið einkennist þó af mikilli umferð yfir sumarmánuðina og var umferðin þá töluvert meiri en metárið 2007.

Akstur eykst á öllum landsvæðum utan höfuðborgarsvæðis. Mest eykst aksturinn á Austurlandi, eða um rúm tífur prósent.

- SHÁ

Prófkjör í Reykjavík 23. janúar 2010

Viltu kynna frambjóðendum betur?

Frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninga 2010 bjóða Reykvíkinga velkomna á opið hús í Valhöll. Komdu í kaffihúsastemningu og kynntu þér frambjóðendur og áherslur þeirra.

Komdu og ræddu við frambjóðendur í Valhöll

- Þriðjudagurinn 12. janúar kl. 16-19
- Fimmtudagurinn 14. janúar kl. 16-19
- Þriðjudagurinn 19. janúar kl. 16-19

Allir velkomnir!

www.profkjor.is

Upplýsingar um frambjóðendur eru á profkjor.is



Á **LANDSPÍTALA** Þol sem bakteríur geta myndað gegn sóttþreinsandi efnum veldur líka í þeim genabreytingu sem eflir varnir þeirra gegn ciprofloxacín, en það er algengt breiðvirkt sýklalyf, samkvæmt nýrri rannsókn sem unnin var á Írlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Bakteríur ónæmar fyrir sóttþreinsiefni

Leifar sóttþreinsiefna geta ýtt undir að bakteríur myndi þol gegn þeim. Sömu bakteríur geta svo verið ónæmar fyrir sýklalyfjum. Sóttvarnalæknir segir reglubundna skolun yfirborðs mestu skipta.

HEILBRIGÐISMÁL Örverur geta orðið ónæmar fyrir sóttþreinsandi efnum sem áttu að drepa þær, samkvæmt nýjustu rannsóknum. Þá hafa breyttu bakteríurnar meira þol við algengu breiðvirku sýklalyfi.

Í umfjöllun breska dagblaðsins Telegraph er greint frá niðurstöðum rannsóknarteymis við Háskóla Írlands í Galway. Það komst að því að bakteríur sem komast í tæri við sóttþreinsandi efni í smáskömmtum laga sig að aðstæðum og gefa frá sér örveru-eyðandi efni sem hamlaði virkni bæði sóttþreinsiefna og sýklalyfja.

„Inni á spítöllum gæti þetta í raun þýtt að lítið magn sóttþreinsiefna úr skúringalegi sem eftir verður á gólfi kynni að ýta undir dreifingu alvarlegra sýkinga,“ hefur Telegraph eftir dr. Gerard Fleming, sem fór fyrir rannsókninni á Írlandi.

„Og enn frekari áhyggjum veldur að bakteríur virðast geta þróast í þá átt að mynda þol gegn sýklalyfjum án þess að hafa komist í tæri við slík lyf,“ bætir hann við.

Í rannsókninni kom fram að þegar mjög litlum skömmtum sóttþreinsiefna var bætt í bakteríuræktun voru bakteríurnar sem löguðu sig að efninu líklegri til að þola bæði sýklalyf og hreinsiefni, en aðrar bakteríur.

„Pannig hjálpar til dæmis handþvottur með sápu því þótt bakteríurnar lifi þá gerir sápan það að verkum að þær missa festu og hreinsast af.“

HARALDUR BRIEM
SÓTTVARNALÆKNIR

Breyttu bakteríurnar báru einnig í sér genabreytingu sem gerði þeim sérstaklega kleift að standast breiðvirkt sýklalyf af ciprofloxacin-gerð.

Könnuð var P. aeruginosa bakterían, en hún finnst víða og veldur margvíslegum sýkingum í fólk sem af einhverjum sökum er með veikt ónæmiskerfi og í þeim sem veikur eru af slímseigjusjúkdómi og sykursýki. Bakterían er jafnframt sögð þekktur skaðvaldur á sjúkrahúsum.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir þekkt að bakteríur geti til dæmis lifað í sápu og þekkir til umræðu um þol sem þær geti myndað gegn sóttþreinsiefnum.

„En þær eru nú allar næmar fyrir spritti enn þá,“ segir Haraldur og bætir við að mestu skipti líka reglubundin skolun með vatni. „Pannig hjálpar til dæmis handþvottur með sápu því þótt bakteríurnar lifi þá gerir sápan það að verkum að þær missa festu og hreinsast af.“

olikr@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Skráðu þig í tölvunám

Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2010 • 24 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og um 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 24 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:



Almennt tölvunám

Morgun-, síðdegis- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



Tölvunám fyrir 50+

Dag-, síðdegis- eða kvöldnám

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



Tölvu- og bókhaldsnám

Morgun- eða kvöldnám

Einstakt nám þar sem þú færð góðan undirbúning fyrir starf á skrifstofu eða í eigin rekstri. Námsgreinar: Upplýsingatækni, fingrasetning, Word, Excel, PowerPoint, Outlook, Internetið, bókhald, tölvubókhald og verslunarreikningur. Viðurkennd evrópsk próf, ECDL, innifalin.

Verð: 189.900 Stundir/einingar: 260/13



Hagnýtt bókhaldsnám

Morgun- eða kvöldnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



Visual C# .NET forritun

Kvöldnám eða fjarnám

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. ASP vefforritun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforritun.

Verð: 159.900 Stundir/einingar: 94/4



MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun

Síðdegisnám eða fjarnám

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfanga og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 150/9



Vefhönnun og margmiðlun

Síðdegisnám

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5



Hagnýtt bókhaldsnám II

Morgun- eða kvöldnám


Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3




Excel og Access

Access I: Almenn notkun	22 st./29.900
Excel I: Almenn notkun	22 st./26.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun	18 st./32.900
Excel IIb: Fjármálastjórn, bókhald	18 st./39.900
Excel III: Fjölvar og forritun	27 st./49.900
Pivottölflur í Excel	5 st./12.900



Vefsíðugerð og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð	27 st./32.900
DreamWeaver og Photoshop	54 st./54.900
DreamWeaver, Photoshop og Flash	72 st./76.900
Flash I: Margmiðlun	18 st./27.900
Flash II: Action Script forritun	18 st./27.900
Flash I og Flash II (tilboðsverð)	36 st./49.900



Ljósmyndun, myndbandagerð og grafík

Stafræn ljósmyndun	13 st./16.900
Ljósmyndavinnsla með Picasa	9 st./12.900
Photoshop Elements	13 st./18.900
Stafræn myndbandagerð	13 st./18.900
Photoshop: Ljósmyndir og grafík	27 st./32.900
Photoshop II: Framhald	18 st./32.900

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegi: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

Þetta er aðeins brot af þeim námskeiðum sem eru í boði hjá okkur!

Skoðaðu nánar á www.tv.is

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfalltrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnuálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar.

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000
- eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Einka- og hópkenndsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

www.tv.is

www.tv.is

Umræðan snýst og snýst og engin veit hvar hún mun stöðvast.

Hringekjan

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þegar forsetinn vísaði breytingalögunum um Icesave-samningana til þjóðarinnar í síðustu viku setti hann af stað hringekju sem enginn veit hvar mun stöðvast. Í kjölfar ákvörðunar forseta hafa birst þrjár skoðanakannanir sem benda til að afstaða kjósenda til Icesave-samninganna er á fleygiferð.

Fyrst kom könnun MMR og sýndi góðan stuðning við að samningarnir yrðu felldir. Því næst birtist könnun Capacent og brá þá svo við að meirihluti vildi staðfesta þá. Í nýjustu könnuninni, sem Fréttablaðið birti á laugardag, er aftur kominn öruggur meirihluti fyrir því að fella samningana.

Fróðlegt verður að fylgjast með viðhorfsbreytingum landsmanna á þeim vikum sem eru fram að þjóðaratkvæðagreiðslunni. Að lokinni þessari fyrstu viku frá synjun forseta virðist umræðan vera komin alla leið aftur á reit númer eitt, sem er spurningin um hvort Ísland eigi að borga Hollendingum og Bretum það tjón sem skattborgarar þessara landa hafa þegar axlað.

Er það ekki gæfuleg byrjun, en skiljanleg því skilaboðin frá forystumönnum stjórnarandstöðuflokkanna, sem harðast hafa barist gegn Icesave-samningunum, eru vægast sagt óskýr. Enn er fullkomlega óljóst hvort formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eru að berjast fyrir því að Íslendingar freisti þess að ná betri samningum um Icesave, eða hvort þeir vilji ekki borga nema að dómur falli í þá veru, jafnvel þótt ekki sé á hreinu frammi fyrir hvaða dómstólum væri hægt að reka málið.

Þessi skortur á skýrri afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna er auðvitað mjög til trafala í því breiða ákalli um samstöðu sem berst úr öllum hornum.

En á meðan umræðan snýst og snýst og ýmislegt verður þokukenndara en áður, liggur þó að minnsta eitt nokkurn veginn fyrir. Sú tilraun að hengja Icesave á núverandi ríkisstjórnarflokka virðist ekki ætla að lukkast, þrátt fyrir ákafar tilraunir.

Í fyrra skiptið þegar forseti vísaði óvinsælu lagafrumvarpi til þjóðarinnar lék enginn vafi á hverjum það var eignað.

Skoðanakannanir sýndu að um 65 prósent kjósenda ætluðu að hafna fjölmiðlafrumvarpi Davíðs Oddssonar sumarið 2004. Í þeim atgangi öllum snarféll Sjálfstæðisflokkurinn í könnunum og stuðningurinn við ríkisstjórnarsamstarfið við Framsóknarflokkinn galt líka fyrir feigðarflanið. Samtals sögðust 43 prósent kjósenda styðja þessa flokka í skoðanakönnunum og 40 prósent ríkisstjórnina, sem var það minnsta frá því samstarfið hófst 1995.

Nýbirt skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að álíka margir kjósendur og voru á móti fjölmiðlalögunum 2004 ætli að hafna Icesave-samningum ríkisstjórnarinnar. Nú bregður hins vegar svo við að þrátt fyrir þá andstöðu njóta ríkisstjórnarflokkarnir stuðnings um 53 prósent kjósenda.

Þetta bendir til þess að eignarhaldið á Icesave, þessu skelfilega ógæfumáli, er í huga meirihluta kjósenda á ábyrgð annarra en þeirra sem eru að reyna að leysa það.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Galleri Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



Þarftu að losa um verðmæti?

Listmunasala hefur gengið vel undanfarið
Erum að taka á móti verkum á næsta listnauppboð



Ennfremur erum við sífellt að leita að verkum gömlu meistaranna fyrir viðskiptavinum okkar.

Opið virka daga 10–18, laugard. 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lög eru ekki sama og lög

Egill Helgason ræddi í Silfri sínu í gær við franska græningjann Alain Lipietz, Evrópuþingmann og pólitískan samherja Evu Joly. Lipietz þessi hefur í aðdraganda viðtalsins víða verið kynntur sem einn af höfundum tilskipunarinnar um evrópska innstæðutryggingakerfisins. Því hljóti skoðanir hans á réttmæti hennar og virkni, kostum og göllum, ekki síst með tilliti til Icesave-málsins, að vega sérlega þungt. Það væri líklega alveg rétt ef það væri ekki rangt. Lipietz tók nefnilega ekki sæti á Evrópuþinginu fyrr en árið 1999, fimm árum eftir að umrædd löggjöf varð til árið 1994.

Að hlusta ekki

Þetta atriði hefði ekki þurft að hefjast jafnmikið fyrir íslenskum fjölmiðlum í gær eins og raun bar vitni. Enda leiðrétti Lipietz misskilninginn strax í viðtalinu, og útskýrði að löggjöfin sem Eva Joly minntist á að hann hefði komið að væri alls ekki löggjöfin um innstæðutryggingarnar, heldur reglurnar um fjármálaeftirlit. Eflaust er rík ástæða til að hlusta á það sem Lipietz hefur fram að færa, en rétt skyldi þó áfram vera rétt.



Eru þeir á hraðferð?

Nú hópast menn í sviðsljósið og stinga upp á því að samið verði upp á nýtt um Icesave-málið við bálréiða Breta og Hollendinga og að þjóðaratkvæðagreiðslunni, sem forsetinn valdi að vísa málinu í, verði varpað út í hafsauga. Vel má vera að það sé ágæt hugmynd. Enginn hefur hins vegar útskýrt hvers vegna viðsemjendur okkar ættu að hafa minnsta áhuga á að leita nýrra samninga í snarti. Sá möguleiki er jú alltaf fyrir hendi að samningarnir sem þeir hafa þegar sæst á verði samþykktir í þjóðaratkvæði. Ætli þeir vilji ekki bíða og sjá til með það fyrst?

stigur@frettabladid.is

Tækifærið er núna!

Nú er komið tækifæri til að beita nýjum aðferðum til lausnar Icesave-málinu en þetta ólukkumál hefur truflað alla framvindu á Íslandi í heilt ár. Óþarfi er að rekja málavexti. Nú er það skylda okkar allra að leita lausna. Margt hefur breyst á einu ári. Margar þjóðir telja sig hafa séð til botns í kreppunni og reyna nú að hraða för út úr henni á sem skemmstum tíma.

Hvað sem um aðdraganda Icesave-samningaviðræðnanna má segja, virðist sem álit alþjóðasamfélagsins á stöðu sé málum blandin. Við Íslendingar höfum ávallt áréttað að lagaleg skuldbinding til greiðslu sé ekki fyrir hendi, þótt að sjálfsögðu eigi menn að leita pólitískra lausna og niðurstöðu. Þrátt fyrir allt hefur tíminn unnið með okkur í þessari erfiðu deilu við Breta og Hollendinga. Sterk viðbrögð stjórnmalaleiðtoga þessara landa á síðustu dögum voru fyrrisjáanleg. Hins vegar er ljóst að krafa okkar um sanngjarnari meðferð fær stöðugt meiri hlómgrunn í virtum erlendum fjölmiðlum. Um það ber bæði leiðari í Financial Times og umfjöllun á vefriti The Economist ágætt vitni. Það er skylda okkar að nýta þetta tækifæri fyrir Íslendinga.

Pólitískt vopnahlé

Yfir undirbúningi málsins hér heima hvílir sá skuggi að stjórnmalamönnum hefur ekki tekist að ná þeirri samstöðu sem nauðsynleg er í baráttu við erlenda mótaðila. Virðingarverð tilraun var þó gerð sl. sumar í þinginu en þrátt fyrir þrotlausa fundi og fyrirvara við umdeilanlega ríkisábyrgð hefur alþingismönnum ekki tekist að sannfæra okkur um að þeir séu að berjast fyrir þjóðina í þessu örlagaríka máli. Það verður að breytast.



VILMONDUR, TÓMAS OG HELGI UMRÆÐA | Icesave-málið

Í þeirri stöðu sem nú er komin upp verður að nota tækifærið sem felst í ákvörðun forseta Íslands um að hafna samþykki laganna.

Nú verða Íslendingar að standa saman.

Endurreisn íslensks atvinnulífs mun byggjast á þeirri starfsemi sem fyrir er í landinu. Í okkar stöðu eru engar galdralausnir erfiðar og ný tækifæri falla ekki af himnum ofan. Þess vegna er algert höfuðatriði að virða þá starfsemi sem fyrir er og tryggja að heimilin í landinu geti staðið upptétt. Það þarf að efla skilning á mikilvægi verðmætasköpunar í atvinnulífinu í smáu sem stóru og mikla áherslu þarf að leggja á eflingu sprotafyrirtækja, nýsköpunar og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. Trúverðugleiki Íslands má ekki skaðast meira en orðið er.

Við skorum á stjórnmalaflokka og stjórnmalaleiðtoga landsins að snúa nú bókum saman. Markmiðið er að ná niðurstöðu í Icesave-málinu sem horfir til hagsældar fyrir Íslendinga. Samningaleiðin getur verið torsótt en það yrði Íslendingum styrkur að ná niðurstöðu í málinu núna.

Ný samninga- og sáttanefnd

Við leggjum því til að Alþingi skipi nýja samninganefnd án tafar sem skipuð væri fulltrúum allra þingflokka. Vel færi á því að utan-

ríkisráðherra færi fyrir nefndinni og að hún fengi sér til fulltingsis færustu sérfræðinga, innlenda og erlenda, sem hefðu til að bera viðtæka reynslu og þekkingu. Þá væri mikilvægt að fá til liðs við nefndina erlendan fyrrverandi stjórnmalaleiðtoga sem þekktur væri og virtur á alþjóðlegum vettvangi fyrir störf sín í alþjóðastjórnmalum og hefði jafnframt þekkingu á aðstæðum Íslendinga. Slíkur einstaklingur gæti gegnt hlutverki sáttasemjara og gæfi okkur aukinn styrk í glímunni við erfiða mótaðila frá Englandi og Hollandi.

Verkefni nefndarinnar væri að komast að niðurstöðu við viðsemjendur okkar sem bæði næði að mæta þeim skuldbindingum sem Íslendingar þurfa að axla og að ljúka málinu hratt og örugglega með réttlátum hætti þannig að bærileg sátt næðist á Íslandi. Með því gæfist loks ráðrúm til að snúa sér að uppbyggilegum viðfangsefnum.

Íslenskt atvinnulíf og þjóðlíf þolir ekki frekari tafir og óvissu vegna þessa erfiða og óheppilega máls. Þessu verður að ljúka. Nú er tækifæri sem brýnt er að nýta strax.

Óflug samninganefnd af því tagi sem hér er rætt um, hefði tækifæri til að ná fram niðurstöðu sem þjóðin gæti risið undir fjárhagslega samhlíða því að Íslendingar næðu nauðsynlegri sátt við alþjóðasamfélagið.

Við megum ekki dæma okkur til einangrunar. Við þurfum að vera þjóð meðal þjóða hér eftir sem hingað til.

Vilmundur Jósefsson er formaður Samtaka atvinnulífsins, Tómas Már Sigurðsson er formaður Vidskiptaráðs Íslands og Helgi Magnússon er formaður Samtaka iðnaðarins.

Að mótmæla – eða mæla með

UMRÆÐA

Árni Páll Árnason skrifar um Icesave

Sú staða sem upp er komin í Icesave-málinu getur orðið þjóðinni afar erfið.

Það er auðvelt að hrópa „Vér mótmælum allir“ eins og formaður Sjálfstæðisflokksins gerði á laugardag. Eftir stendur á hinn bóginn að forystumenn Sjálfstæðisflokksins gáfu endurteknar yfirlýsingar um að ríkið myndi standa að baki Tryggingasjóði innstæðueigenda fyrir bankahrun. Allt frá hrúni hafa allar ríkisstjórnir itrekað lýst vilja til að semja um lausn þessa máls. Í því hlýtur að felast að allir flokkar geti sammælt um einhver lágmarks viðmið samninga sem hægt sé að setja fram sameiginlega við viðsemjendur okkar, jafnvel þótt hin lagalega skuldbinding sé áfram háð fyrirvara.

Það verður aldrei samstaða um að skella landinu í lás og neita að semja fyrr en dómstólar hafi kveðið upp úr um hina lagalegu skuldbindingu. Slíki aðferðafræði felur í sér fráhrarfrá 15 mánaða tilraunum allra ábyrgra stjórnmalaafla til úrlausnar málsins í sátt við önnur lönd og setur íslenskt



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

efnahagslíf í óbærilega stöðu. Við gæti tekið langdregið þóf lagalegrar þrættubók- arfræði, á sama tíma og lánafyrirgreiðsla og fjármögnunarkostir fyrirtækja verða í uppnámi. Lánshæfismat ríkisins yrði í ruslflokki og við myndum því festast í hringrás hárra stýrivaxta, lágra launa, mikils atvinnuleysis og viðvarandi þrýstings á gengi krónunnar. Fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum samkeppnismörkuðum myndu flytja höfuðstöðvar sínar úr landi.

Sundurlyndi hefur áður leikið Íslendinga grátt. Okkur hefur sannarlega mistekist að skapa viðtæka sátt um niðurstöðu í þessu máli. Eftir stendur að nú er mikið í húfi. Við þurfum ekki fleiri stjórnmalamenn sem eru til í að mæla á móti. Við þurfum þvert á móti stjórnmalamenn sem treysta sér til að mæla með – mæla með samstöðu um samkomulag sem virðir itrekuð fyrirheit íslenskra stjórnvalda til annarra ríkja um ríkisábyrgð á skuldbindingum Tryggingasjóðsins, með þeim bestu skilmálum sem hægt er að fá. Er það ekki verðugt verkefni?

Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



HR. ÓLAFUR FORSETI,

- VIÐ ELSKUM ÞIG -

Í tilefni af því ætlum við að bjóða uppá alvöru íslenskan mat.

**Gellur og Kinnar
Nýjar og saltaðar**

Hrogn og lifur
ásamt glænýjum þorski úr
Jökuldýpi.

Nýsteiktar Fiskibollur
ásamt nýbökuðu rúgbrauði
frá HP Selfossi.

Súr Hvalur og Hákarl
frá Bjarnarhöfn.



Veljum Íslenskt, styðjum íslenskt.



Núna stöndum við öll saman sem eitt.

Sjáumst eldhress á eftir.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

GHITA NØRBY ER 75 ÁRA Í DAG

„Eflaust heldur fólk að ég sé yfirborðskennnd og taki tilveruna ekki nógu alvarlega. Og svo eru eflaust einhverjir sem þykir ég vera einum of mikið af hinu góða.“

Ghita Nørby er dönsk leikona og hefur leikið í 117 kvikmyndum.



PETTA GERÐIST: 11. JANÚAR 1944

Togarinn Max Pemberton ferst

Á þessum degi árið 1944 fórst togarinn Max Pemberton frá Reykjavík með allri áhöfn, 29 manns.

Skipið kom síðast að landi á Patreksfirði mánudaginn 10. janúar, rétt fyrir hádegi, og virtist ferð skipsins að Snæfellsnesi hafa gengið ágætlega því fimm klukkustundum eftir að það lagði úr höfn frá Patreksfirði kom orðsending frá skipstjóra um að skipið lónaði við Jökul og virðist það samkvæmt skeytum hafa lent í hríðarbyl og austanstormi og verið í skjóli undan Snæfellsnesi. Eftir það bar slys að höndum, svo snögglega að ekki gafst ráðrúm til að senda út neyðarmerki né koma björgunarfleka



eða -bátum á flot.

Strax þegar farið var að óttast um aðdrif skipsins var hafin leit á víðáttumiklu svæði af skipum og flugvélum og fjörur voru gengnar á Snæfellsnesi öllu. Ekkert fannst sem gaf vísbendingu um aðdrif togarans. Í dag er álitnið að togarinn hafi lent á tundurdufli en þau höfðu sést á svipuðum slóðum við Snæfellsnes. Á Max Pemberton voru meðal annars tvennir feðgar og tveir bræður. Feðgarnir voru Pétur Maack skipstjóri og sonur hans Pétur A. P. Maack, sem var fyrsti stýrimaður, og svo þeir Þorsteinn Þórðarson, fyrsti vélstjóri, og sonur hans, Þórður Þorsteinsson, annar vélstjóri.

MERKISATBURÐIR

- 1897 Leikfélag Reykjavíkur er stofnað. Fyrsta sýning er þó ekki fyrir en í árslok.
- 1918 Bjarndýr gengur á land í fyrsta sinn þennan vetur en fleiri ganga á land næstu daga.
- 1935 Amelia Earhart er fyrst kvenna til að fljúga einmenningsflug, frá Hawaii til Kaliforníu.
- 1963 Fyrsti diskóstaðurinn í Bandaríkjunum opnaður, Whisky A Go-Go.
- 1974 Fyrstu sexburar, sem lífa af, fæðast í Höfðaborg í Suður-Afríku.
- 1990 Fjörutíu skip fá 28.400 lestir af loðnu djúpt úti fyrir Austfjörðum, mestu veiði á einum sólarhring hingað til.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



JAMELIA söngkona er 29 ára.



AMANDA PEET leikona er 38 ára.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þóru Þorbjarnardóttur
Aflagraða 40, Reykjavík.

Ásta Bára Jónsdóttir
Þórhildur Jónsdóttir
Kristín Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Einar Ingi Halldórsson
Eggert Ágúst Sverrisson
Sigurður Geir Einarsson



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sveinfríður Jóhannsdóttir
Holtateigi 26, Akureyri,

lést 7. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 14. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar afpakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

Hermann Jónsson
Kristín Hermannsdóttir
Sigurður Hermannsson
Ólafur Hermannsson
Fjóla Hermannsdóttir
og ömmubörn.

Sæmundur Sigtryggsson
Jóhanna Jóhannsdóttir
Ester Lára Magnúsdóttir
Carsten Tarnow



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorleifur Pálmi Jónsson
Hrafnistu, Reykjavík,

andaðist þann 6. janúar sl. að heimili sínu. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 14. janúar kl. 13.00.

Baldur Þorleifsson
Örn Sævar Þorleifsson
Ásbjörn Þorleifsson
Helgi Þorleifsson
Lovísa Þorleifsdóttir
Björk Þorleifsdóttir
Brynja Þorleifsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Lárus Þorleifsson
Isabel María Þorleifsson
Elin Pálsdóttir
Brigitte Michon
Gissur Sveinn Ingólfsson
Jón Guðnason



GETUM VERIÐ STOLT Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélags Íslands og prófessor við Listaháskóla Íslands, segir íslenskt tónlistarfólk geta verið stolt af því að landið var valið í stjórn ECF.

SAMTÖK EVRÓPSKRA TÓNSKÁLDAFÉLAGA: ÍSLENDINGUR Í STJÓRN FÉLAGSINS

Eftir okkur Íslendingum tekið

Fyrir skemmstu var fulltrúi Íslands í Samtökum evrópskra tónskáldasamtaka, European Composers' Forum, eða ECF, kosinn í stjórn samtakanna. Fulltrúi Íslands er Kjartan Ólafsson, formaður Tónskáldafélags Íslands og prófessor við Listaháskóla Íslands, og segir hann kosninguna mikla viðurkenningu fyrir íslenskt tónlistarlíf. Aðildarfélag í ECF eru um þrjátíu og samtökin beita sér fyrir hagsmunamálum evrópskra tónskálda.

„Þessi tilnefning þýðir að eftir okkur Íslendingum er tekið og við þökkum þar einkum Myrkum músíkdögum sem hafa, öfugt við sambærilegar hátíðir í Evrópu, verið að vaxa og stækka,“ segir Kjartan og nefnir nokkrar ástæður fyrir því að íslensk tónlistarstarfsemi hefur sótt svo á síðustu árin.

„Ein af ástæðunum er sú að hér á Ís-

landi liggjum við á milli tveggja heimsálfa og því tveggja menningarheima, Evrópu og Ameríku. Okkar listamenn eru mjög víðförlir í þeim skilningi að með öflugum listmenntun frá Íslandi í farskinu sækja þeir hluta af sinni framhaldsmenntun og starfsreynslu utan Íslands, en erlendis er algengara að listamenn haldi sig innan sinna heimahaga. Alla jafna skila listamenn okkar sér heim og þá myndast þetta skemmtilega samfélag lista þar sem íslenskt tónlistarfólk hefur tekið með sér til Íslands ólík sjónarmið og ólíkan bakgrunn og þetta skapar okkur sérstöðu. Landið er því svolíttill suðupunktur.“

Fulltrúi Íslands hefur ekki áður setið í stjórn ECF. Samtökin eru frekar ung en mjög öflug og leitast við að fá lönd í stjórn sem þykja standa framarlega í tónlistinni. Hlutverk Kjartans verð-

ur meðal annars að spegla Norðurlönd inn í evrópskt samstarf. „Ísland verður fulltrúi Norðurlanda í stjórn félagsins en reynt er að dreifa stjórnarsetu þannig að fulltrúar frá öllum menningarsvæðum Evrópu eigi hlut að henni,“ segir Kjartan.

Myrkir músíkdagar eru nú haldnir í 30. skiptið og standa yfir frá 24.-31. janúar. Í lok hátíðarinnar munu erlendir þáttagerðarmenn, blaðamenn og listrænar stjórnendur frá nokkrum stærstu tónlistarhátíðum í Evrópu mæta. Markmið þeirra verður að efla til samstarfs við íslenskt tónlistarfólk í gegnum Myrka músíkdaga til frambúðar. Kjartan segir framtíð íslenskra tónsmíða bjarta. „Á meðan við höldum áfram að vera opin fyrir nýjungum og taka þátt í erlendu starfi er engin ástæða til annars en mikillar bjartsýni.“

Juliam@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Anna Sigrún Snorradóttir

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, þriðjudaginn 22. desember, verður jarðsungen frá Laugarneskirkju, fimmtudaginn 14. janúar kl. 15.00.

Birgír Þórhallsson
Snorri Sigfús Birgisson
Guðrún Sigríður Birgisdóttir Martial Nardeau
Þórhallur Birgisson Kathleen Bearden
og barnabörn.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, bróðir og mágur,

Sigmundur Þór Simonarson

rafvirki,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 4. janúar sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 11. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afpakkaðir en þeim sem vilja minnst hins látna er bent á Geðhjálp, rnr. 1175-15-510048, kt. 531180-0469.

Anna Rós Sigmundsdóttir Andrés Magnússon
Simon Simonarson
Sólrun Anna Símonardóttir Jóhann Harðarson

JÓLASKREYTINGAR eru víðast hvar komnar ofan í kassa og geymslur. Jólaljósinn loga þó víða enn og ekkert að því að leyfa sérstaklega hvítum ljósum að loga eitthvað áfram í svartasta skammdeginu. Það lýsir upp tilveruna og hjörtu manna.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Umhverfsvænn frostlögur

FERNOX
MAKES WATER WORK

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu

Heildsöludreifing • Skemmuvegur 10 • Sími 567 1330 • www.hringas.is

Hringás

White-Westinghouse
amerísk gæða heimilistæki

12 kg Þvottavél og þurrkari

- Tekur 12 Kg · Hljóðlát
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Meirapróf

ÖKU SKOJINN Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 13. JANÚAR



Stefán Rósar með gjöfina sem kom á óvart og minnst um leið orðanna sem henni fylgdu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hætti að tifa eftir lát afa

Þegar Stefán Rósar Esjarsson, hársnyrtímeistari í Hárlausnum við Háteigsveg, lítur á klukkuna sem afi hans færði honum eitt sinn þá er hann litlu nær um hvað tímanum líður en minningarnar vakna.

Er vekjaraklukkan mesta þarfþingið? er það fyrsta sem blaðamaðurinn dettur í hug að spyrja Stefán Rósar eftir að hafa séð myndina af honum með eftirlætishlut sinn á heimilinu, verður vitaskuld hugsað til eigin morgunleti. „Nei, nei,“ svarar hann ákveðinn. „En klukkan er það sem ég ber einna mestar tilfinningar til, fyrir utan náttúrlega fjölskylduna.“ Svo kemur sagan á bak við hana.

„Þannig var að móðurafi minn og amma, Þórarinn Ásmundsson og Sigríður Bjarnadóttir, voru alltaf í mat heima hjá mér á aðfanga-

dagskvöld þegar ég var að alast upp. Fjölskyldan þeirra var mannmörg og þegar ég var 12-13 ára voru þau hætt að gefa mér jólagjafir enda barnabarnahópurinn orðinn stór. En nokkrum árum síðar kom afi með smá pakka handa mér um ein jólin og sagðist endilega vilja gefa mér lítilræði. Með þessari klukku gæti ég fylgst með tímanum og þegar hann væri allur þá ætti hún að minna mig á hann.“

Stefán Rósar telur ekki að afi hans hafi ætlað að venja hann af morgunleti eða óstundvísi með

þessari gjöf. „Ég hef nú alltaf verið fremur árrisull og eitt af því sem ég þoli ekki er að mæta of seint einhvers staðar. Því er ég yfirleitt kominn tíu til fimmtán mínútum fyrir tímann.“ Stundvísinn er samt ekki klukkunni að þakka að sögn Stefáns Rósars því hún hefur ekki gengið lengi. „Afi dó í júní árið 2000 og þegar ég leit á klukkuna næst á eftir var hún stoppuð. Síðan hef ég ekki sett batterí í hana en held upp á hana bæði vegna þess að gjöfin kom á óvart og þeirra orða afa sem henni fylgdu.“

gun@frettabladid.is

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

10.000 kr. vöruúttekt fylgir hverju heilsurúmi

20% afsláttur af öllum fylgihlutum
nema sængum, svefnsófum og iRobot

Svefn & heilsa
★★★★★
Fyrst og fremst í heilsudýnum

3 mán. vaxtalausar greiðslur


Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00

www.svefn.is



MATREIÐSLUBÆKUR eru til í stöflum á sumum heimilum en eru sjaldan notaðar. Góð leið er að lesa bækurnar og skrifa þær uppskriftir sem manni líkar í sérstaka bók. Auðveldara er að ganga að góðum uppskriftum á einum stað.

FRAMTAK BLOSSI ehf



Túrbínur
Viðgerðir - Sala

Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is



**HITA
KUTAR**
Amerísk gæða
framleiðsla

30-450
lítrar



Umboðs-
menn um
land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"



Óhreinatauspoka þarf ekki að kaupa dýrum dómum. Ef þú átt stakt eða rífið sængurver er upplagt að breyta því í poka og fallett að fódra hann með annars konar efni. Pokarnir eru upplagðir þar sem bera þarf þvottinn í þvottahús fjölbýlishúsa.

NORDICPHOTOS/GETTY

ALLT

TÍSKA
Fimmtudaga

Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473



Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Getur þú lagt eitthvað að mörkum?

Mánudagur 11. janúar

LOKAÐ.

Þriðjudagur 12. janúar

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 -14.00.

Prjónahópur - Viltu læra að prjóna? Eða deila reynslu þinni og hugmyndum með öðrum? Tími: 13.00 -14.00.

Teiknínámskeið - Langar þig að læra að teikna? Farið verður í grunninn og teiknað. Tími: 13.30 -15.00.

Baujan sjálfstyrking - Byggð á slökunaröndun og tilfinningavinnu. Skráning nauðsynleg. Tími: 15.00 -17.00.

Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Athugið lengdan opnunartíma! Tími: 16.00 -19.00.

Miðvikudagur 13. janúar

Trúarbrögð í Japan - Áhrifaríkustu trúarbrögðin í Japan verða kynnt. Fyrsti hluti af þremur sjálfstæðum fyrirlesturum. Tími: 13.00 -14.00.

Áhugasviðsgreining - Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00 -14.00.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Hafðu fartölvu með ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Við spjöllum um bókina Mávahlátur eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Tími: 14.00-15.00.

Briddsklúbbur - Hefur þú gaman af bridds? Eða alltaf langað til að læra bridds? Tími: 14.00-16.00

Gítarnámskeið fyrir byrjendur yngri en 35 ára - Ágúst Atlason hljómlistarmaður kennir gripin. Taktu gítarinn með og byrjaðu að spila. Fyrsti hluti af fjórum. Skráning nauðsynleg. Tími: 15.00-16.30.

Fimmtudagur 14. janúar

Félagsvinir - Mentor er málið - Sjálfboðaliðar óskast til að gerast félagsvinir kvenna og barna af erlendum uppruna. Kynntu þér málið. Tími: 12.30 -13.30.

Saumasmiðjan - Ertu stopp í saumaskapnum? Getur þú ekki klárað flikina? Fáðu leiðbeiningar og komdu með saumavél ef þú getur. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagur 15. janúar

Gleði: Orsök og afleiðing - Hvað felst í gleðinni og hvernig getum við tileinkað okkur hana í daglegu lífi? Tími: 12.30 -13.30.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30 -13.30.

Salsalceland - Hitaðu upp fyrir helgina með lauffléttum Salsadansi og skemmtilegri tónlist. Tími: 14.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Í Rauðakrosshúsinu er lögð áhersla á samvinnu, stuðning og sjálfboðið starf


Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opíð virka daga kl. 12-17



Ljómandi góð lausn í litlum rýmum. Spyrjið pípuþingamann hvort ekki megi setja þvottavélina undir súð einhvers staðar og nýta plássíð þannig. Einfaldar rennihurðir úr MDF-plötum eru svo til dæmis góðar til að loka rýmið af.

Kuðungur sem gerir þvottahúsið að þvottaparadis. Tekk-Company, Holtagörðum. Verð: 4.900 kr.



Allt á sínum stað í fullkomnu, ofurraðaða þvottahúsinu. Takið eftir hvernig þvottaefninu hefur verið komið fyrir í fallettum krukum, sniðug lausn fyrir umbúðahatara.

Þrifalegri og fallegri þvottahús

Rólegir vetrarmánuðir eru upplagðir til að taka til í skúffum og skápum og endurskipuleggja herbergi. Þvottahúsin verða stundum út undan en hægt er að gera þau mjög skemmtileg með smá snurfusi.

Gott skipulag í þvottahúsum verður oftast en ekki til þess að heimilisfólk er duglegra að þvo. Góðar hillur, á vegg ofan við eða við hlið þvottavélar eru góðar til að geyma þvottaduftið og önnur efni sem yngsta kynslóðin má ekki komast í. Sniðugt er að sameina líka þvottahús og strauaðstöðu ef hægt er og helst alltaf hafa strauborðið frammi þannig að maður nenni að taka til hendinni í pressuninni. Litlir fallettírnir hlutir geta svo umturnað þvottahúsi úr fráhrindandi og kuldalegum vistarverum í lítið kósíhorn húsmæðra og -fedra.

Hlýleg og rúm-góð FLÁTA-þvottakarfa úr víði. IKEA, Kaupþúni 4. Verð: 4.990 kr.



Óhreinatauskarfa úr nýjustu línu Habitat í þvottavélarformi. Habitat, Holtagörðum. Verð: 9.900 kr.

Housekeeping stendur á þessum skemmtilega dalli og er upplagður fyrir Bio textíð og önnur hreinlætis efni. Tekk-Company, Holtagörðum. Verð: 8.590 kr.



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Viðir Róbertsson
Sölumaður



Kristín Sigurðardóttir
Löggiltur fasteignasali

Vilt þú selja, skipta, kaupa
hafðu samband í 511 5005
Gleðilegt nýtt ár, þökkum viðskiptin.



... það borgar sig!

HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is

VALHÖLL FASTEIGNASALA



Fossvogur – Markarvegur. Efri sérhæð m. aukaíbúð + bílskúr.

Falleg og velskipulögð alls rúml. 200 fm þ.e. ca 118 fm efri sérhæð, ásamt 35 fm 2ja herb. íb. í kj, 20 fm geymslu og 30 fm bílskúr á frábærum stað í nýlega hluta Fossvogs (neðan við Borgarspítalan). Allt sér. Góðar innréttingar, parket, þvottaherbergi, bað m. sturtu og þaðkari. Mjög góður og bjartur bílskúr. Sér lítil íbúð í kjallara með allt sér. Hús og eign í góðu standi. Einstakur staður vestast í Fossvogi. Verð 45,5 millj. Allar upplýsingar veitir Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali 896-5222.



Grandahvarf – sérinngangur – bílskúr.

Glæsileg nýleg 136 fm séreign á miðhæð í litlu 6 íbúða húsi á fallegum útsýnisstað við Elliðavatn. 27 fm flottur bílskúr. Vandaðar innréttingar, 3 stór svefnherbergi, glæsilegt eldhús og bað. Ca 15 fm flisal. Suður svalir. Skipti mögult, á ódýrari eign. Verð: 35,8 millj. Allar upplýsingar veitir Bárður Tryggvason sölustjóri 896-5221

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.



Húsið á Sólvallagötu 14 er höfðinglegt.

Rúmgóð sérhæð í 101

Fold-fasteignasala hefur til sölu rúmgóða og fallega efri sérhæð í höfðinglegu húsi við Sólvallagötu.

Hæðin er 132 fermetrar sem skiptist í tvær stofur og fjögur svefnherbergi.

Komið er inn um inngang sem er sameiginlegur með íbúð á 1. hæð. Gengið inn af stigagangi inn á gang með parketi. Önnur stofan er með sér inngangi frá forstofu og sér dyrasíma. Parket er á stofum og svefnherbergjum nema eitt herbergi, sem er með aðskildum inngangi, er með dúk.

Eldhúsið er með nýlegri innréttingu, þaðherbergi er flísalagt með þaðkari og sturtu. Geymsla er í risi og sameiginlegt þvottahús í kjallara. Þar eru tvö

sér tengi í þvottavél og þurrkara fyrir þessa íbúð. Á íbúðinni eru litlar suður svalir.

Húsið stendur við Sólvallagötu 14 og er húsið nefnt í bókinni Indæla Reykjavík eftir Guðjón Friðriksson. Þar segir: „Og hér standa glæsihús Sólvallafélagsins í röðum. Á nr. 14 er hús Brynjólfs H. Bjarnasonar kaupmanns teiknað af Einari Erlendsyni 1928. Á því má sjá klassísk einkenni svo sem hálfútlur á hornum. Gríðarlega miklir hlýnir setja svip á löðina.“

Stór eignarlóð (708 fm) er umhverfis húsið. Fallegur suðurgarður með fjölærum skrautplöntum og svæði með matjurtakössum og sandkassa bak við hús. Húsið var sprunguviðgert og málað árið 2003 og auk þess var þakið málað.



Sigluvogur - mjög góð 2ja - skipti á stærra!
Rúmgóð og björt um 70 fm íbúð í tvíbýlishúsi. Eigninni fylgir aðgangur að stórum bakgarði. Töluvert endurnýjuð eign og gott ástand. Ath skipti á 4ra í sama hverfi. Verð 16,9 m.



Rauðagerði - Einbýli með 110 fm aukaíbúð.
Fallegt mikið endurbætt 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 35 fm bílskúr. Fallegur garður, sólstofa, heitur pottur o.fl.



Lóurimi Selfossi - skipti.
Mjög gott um 150 fm raðhús með bílskúr. 3 herb og stofur. Gott ástand. Skipti óskast á eign á höfuðborgarsvæðinu. Verð 25,9.



Laufrimi - Falleg
67 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er vel skipulögð og rúmgóð. Parket og flisar á gólfum. Vestursvalir og mikið útsýni Áhv 14,5 m



Krókamýri -
Fallegt mikið endurbætt 110 fm parhús. Fjögur góð svefnherbergi, verönd og sérgarður. V. 34,5 m.



Klukkuberg
Góð 60 fm 2ja herb íbúð á jarðhæð með sérinngangi. V. 14,9 m.



Kirkjustétt. - 5 herb.
Nýleg vönduð 125 fm íbúð og stæði í bílskylki. fallegar innréttingar og gólfefni, fjögur svefnherbergi, góðar svalir og mikið útsýni.. Áhv. 27,0 m .



Hólmvað - Sérhæð með bílskúr.
Ný fullbúin 160 fm sérhæð , þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvesturs.eikarinnréttingar, parket og flísa V. 37 m. Áhv. 24,0 ÍLS.



Hlíðarvegur Kóp - skipti á einbýli.
Glæsileg um 190 fm eign á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Allt fyrsta flokks. Fjögur góð svefnherbergi, tvennar svalir, 60 fm sólpallur, og einstakt útsýni. Seljandi leitast sér að stærri eign.



Flétturimi - Lítil útborgun.
Góð 65 fm íbúð á 3. hæð með vestur svölum. Góðar innréttingar og gólfefni. V. 14,0 m. Áhv 12,0 m frá Íls.



Breiðuvík - 3ja herbergja.
Falleg íbúð á jarðhæð. Parket og flisar á gólfum. Stutt í alla þjónustu. Fæst gegn yfirtöku á láni frá Íbúðalánasjóði, grb. 96 þús pr mánuð. Frekari uppl á skrifstofu.



Borgarheiði Hveragerði.
Fallegt mikið endurbætt 150 fm einbýlishús á einni hæð og sérstandandi bílskúr. 3 svefnherbergi og fallegur garður. V. 21,9m.



Asparholt - Álftanes.
Stórglæsileg 117 fm endaíbúð í góðu nýju fjölbýli. Góð staðsetning og fallegt útsýni. Mögulegt skipti á 3ja - 4ra herb. íbúð í 104 og 105 í Reykjavík. Verð 27,0 milljónir.



Ásakór
Góð 4ra herbergja endaíbúð í lyftuhúsi með stæði í bílskylki. Íbúðin er í vesturenda hússins og frá henni gott útsýni. Áhv 12,0 m .

Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is



FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

LAND ÓSKAST UNDIR VERKSMÍÐJU

10-20 HA. LANDS ÓSKAST Í NÁLÆGÐ VIÐ HÖFUÐBORGINA,
EN ÞÓ FJARRI ÍBÚÐABYGGÐ, ÞAR SEM MÖGULEIKI VÆRI AÐ
REISA VERKSMÍÐJU



Aratún-Garðabæ.

Glæsilegt 179,4 fm einlyft einbýlishús að meðt. 30,1 fm bílskúr á þessum gróna stað í Garðabænum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhús, baðherbergi og gler að hluta. Björt stofa með útgangi í sólstofu, fallett eldhús með vönduðum tækjum og 4 herbergi. Stór víðarverönd, yfirbyggð að hluta. Hús nýlega málað að utan. Verð 59,9 millj.



Fannafold.

Fallett og vel staðsett 209,7 fm einbýlishús að meðt. 25,9 fm bílskúr. Eignin skiptist m.a. í stórar stofur með mósaklögðum arni og útgangi í nýlega sólstofu, rúmgott eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu, 3 herbergi auk fataherbergis og 2 baðherbergi. Fallett útsýni er úr stofum að Snæfellsjökli, út á sundin og víðar. Lóð hússins er nánast viðhaldsfrið með miklum veröndum, múum og mól. Verð 54,9 millj.



Skrúðás-Garðabæ.

Stórglæsilegt 245,8 fm einbýlishús á þremur pöllum að meðt. 40 fm bílskúr. Falleg, nánast viðhaldsfrið lóð með stórum veröndum og skjólveggjum. Eignin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Aukin lofthæð og arinn í stofum. 4 svefnherbergi. Innanhússarkitekt: Rut Káradóttir. Frábær staðsetning á útsýnisstað við opna svæðið í Ásahverfinu. Verðtilboð.



Jafnakur-Garðabæ.

Glæsilegt 243,0 fm einbýlishús að meðt. 33,1 fm bílskúr á þessum eftirsóttá stað. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í rúmgöða stofu með allt að 4ra metra lofthæð, opið eldhús, sjónvarpsstofu, 4 herbergi og baðherbergi auk gesta snyrtingar. Allar innréttingar sérsníðaðar. Aukin lofthæð er í húsinu að hluta og innfellt lýsing. Arkitekt hússins er Gunnar Páll Kristinsson. Innanhússarkitekt Guðbjörg Matthíasdóttir. Verð 80,0 millj.



Ránargata. 3ja herb.

Mikið endurnýjuð 91,8 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í þrjúbýlishúsi. Rúmgöðar og bjartar samliggjandi stofur með útgengi á um 20 fm svalir, eldhús með fallegri víðarinnréttingu og vönduðum tækjum, rúmgott svefnherbergi og flisalagt baðherbergi. Sér bilastæði á lóð fylgir íbúðinni. Verð 30,5 millj.



Miðleiti. Eldri borgarar. Til sölu eða leigu.

111,4 fm 3ja - 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð fyrir 55 ára og eldri. Samliggjandi stofur með útsýni, 2 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, eldhús og marmaralagt baðherbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Yfirbyggðar flisalagðar svalir og þaðan útgangur á opnar svalir. Sér stæði í uppitháðri bilageymslu. Mikil sameign m.a. matsalur og gufubað. Laus strax. Verð 36,9 millj.



Skólabraut - Seltjarnarnesi. Eldri borgarar. 2ja herb. útsýnis-íbúð. Laus strax

Glæsileg 2ja herb. 74,2 fm íbúð á efstu hæð (3. hæð) í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri auk 4,6 fm sér geymslu á hæðinni. Af svölum og úr stofu er mikið útsýni yfir borgina, út á sjóinn og að Reykjanesi. Í húsinu er rekin þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara af Seltjarnarnesi. LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 21,9 millj.

MÖRKIN - TIL LEIGU

Til leigu verslunar-, skrifstofu-, lager- og
iðnaðarhúsnæði við Mörkina.

Góð staðsetning, nærri fjölfarinni
umferðaræð.

SKEIFAN

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu nýlega uppgerð skrifstofuhæð, 2. hæð, í góðu lyftuhúsi. Um er að ræða 205 fm/250 fmog 416 fm. Húsnæðið er allt bjart og rúmgott. Gluggar á öllum hlíðum, góð lýsing og tölvulagnir í öllum herbergjum. Góð aðkoma og næg bilastæði. ÖLL ÞJÓNUSTA Í NÆSTA NÁGRENNI. Laust til afhendingar frá og með 1. mars nk.



Álfhólsvegur-Kópavogi.

Mjög fallett og vel skipulagt 186,8 fm parhús að meðt. 27,8 fm bílskúr á góðum útsýnisstað í Kópavogi. Eignin skiptist m.a. í hol/borðstofu, eldhús, stóra stofu með arni og mikilli lofthæð, sjónvarpsstofu með útg. á stórar svalir, 4 herbergi og baðherbergi. Falleg ræktuð lóð. Tvö sér bilastæði á lóð auk innkeyrslu fyrir bílskúr. Verð 45,7 millj.



Kriunes-Garðabæ.

